

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.

1. gr.

V. viðauki í reglugerðinni verður svohljóðandi:

V. VIÐAUKI

Skrá yfir matvælitarefni, sem um getur í 24. gr., þar sem merking matvæla skal innihalda viðbótarupplýsingar.

Matvæli sem innihalda eitt eða fleiri af eftirfarandi matvælitarefnum	Upplýsingar
Sólsetursgult (E 110) (*)	„heiti eða E-númer litarefnis eða litarefna“: getur/geta haft neikvæð áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna.
Kínólíngult (E 104) (*)	
Karmósín (E 122) (*)	
Allúrarautt (E 129) (*)	
Tartrasín (E 102) (*)	
Ponseau 4R (E 124) (*)	
(*) Að undanskildum:	
a) matvælum þar sem litarefnið eða litarefnin hafa verið notuð til heilbrigðismerkninga eða til annarra merkninga á kjötafurðum eða til stimplunar eða skreytingar á eggjaskurn og	
b) drykkjarvörum sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál.	

2. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.